

Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir beina orðum sínum til þín sem tryggingartaka okkar og samningsaðila.

A hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

ÁhættuLíftrygging Plús E307

	Blaðsíða
1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.	1
2. Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild	1
3. Reglur ef samið er um gjaldskrá fyrir reyklausa	2
4. Bótapegi og millifærsla greiðslna	3
5. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta	3
6. Samstarfsskyldur þínar	4
7. Samningsgerðar- og sölukostnaður	4
8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds	4
9. Uppsögn	5
10. Samningar geta verið margvíslegir	5

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna þær skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti og taka til tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð og iðgjaldsgreiðsluskyldu. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

Blaðsíða

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð	8
2. Skyldur sem snerta iðgjaldsgreiðslu	8
3. Aðrar samstarfsskyldur	

C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

	Blaðsíða
1. Upphaf tryggingarverndar	10
2. Tryggingarskirteini	10
3. Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu	10
4. Þýskur réttur	10
5. Varnarþing	10
6. Fyrning	11

Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmála er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →Tryggingartaki.

A hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B hluta.

ÁhættuLíftrygging Plús E307

Hér er að finna reglur ÁhættuLíftryggingar Plús. Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum þá er í reglum þeirra fjallað um ÁhættuLíftryggingu Plús sem Grunnþátt.

1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 Hvaða bætur greiðum við við andlát?
- 1.2 Hvaða bætur greiðum við við alvarlegan sjúkdóm þar sem líklegur ólífaður tími er í hæsta lagi 12 mánuðir?
- 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

1.1 Hvaða bætur greiðum við við andlát?

(1) Greiðslur við andlát

Falli → hinn tryggði frá fyrir umsamin lok tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem umsamin var í því tilviki. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir (→ hjónatryggingar) greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við fráfall þess sem fyrstur deyr.

Ef fleiri en einn hinna tryggðu falla frá samtímis greiðum við tryggðan höfuðstól aðeins einu sinni.

Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

(2) Hærri greiðslur við andlát við sérstakar aðstæður

a. Fæðing eða ættleiðing barns

Ef → hinn tryggði andast innan fyrstu 3ja mánaða frá fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling, greiðum við höfuðstóll sem nemur 25.000 evrum, óháð greiðslum samkvæmt 1. mgr. Ef um fjölbura fæðingar eða ættleiðingar fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega um fæðinguna eða ættleiðinguna innan þriggja mánaða lengist þessi hækkaða tryggingarvernd við andlát í samtals sex mánuði.

Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

b. Bygging hafin eða kaup á fasteign til eigin nota

Ef → hinn tryggði andast innan fyrstu 3ja mánaða frá upphafi byggingar eða kaupum á fasteign til eigin nota, greiðum við höfuðstól að upphæð 25.000 evrum, óháð greiðslum samkvæmt 1. mgr. Fresturinn hefst frá og með veitingu byggingarleyfis eða þinglýsingu kaupsamnings.

Ef þú tilkynnir okkur skriflega um byggingu eða kaup fasteignar til eigin nota innan þriggja mánaða framlengist þessi aukna tryggingarvernd við andlát upp í samtals níu mánuði. Fresturinn hefst frá og með veitingu byggingarleyfis eða þinglýsingu kaupsamnings.

Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

1.2 Hvaða bætur greiðum við við alvarlegan sjúkdóm þar sem líklegur ólífaður tími er í hæsta lagi 12 mánuðir?

Hægt er að fara fram á að við greiðum umsamin tryggðan höfuðstól fyrir andlát → hins tryggða komi til alvarlegs sjúkdóms þar sem líklegur ólífaður tími er í hæsta lagi 12 mánuðir.

Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir (→ hjónatryggingar) greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við alvarlegan sjúkdóm eins hinna tryggðu.

Ef margir → hinna tryggðu fá alvarlegan sjúkdóm samtímis greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól eingöngu einu sinni.

(1) Skilyrði

- Hinn tryggði veikist af alvarlegum sjúkdómi á tryggingartímanum. Alvarlegur sjúkdómur er sérhver ólæknandi sjúkdómur sem ágerist og dregur viðkomandi til dauða innan 12 mánaða. Lífslíkurnar skal sérfræðilæknir í viðkomandi sérgrein og sem starfar í Þýskalandi meta. Afgerandi við mat á lífslíkum er tímamunkturinn þegar farið er fram á greiðslu bóta.
- Það sem eftir er af samningstímanum nemur meira en 12 mánuðum.

(2) Áhrif

Með greiðslu höfuðstólsins fellur tryggingin niður.

(3) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum eða þáttinn Örorakulffeyrir þá lýkur þeim.

Ef við greiðum örorakulffeyri á þeim tímamarki þegar kemur til greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms höldum við þeirri greiðslu áfram óbreyttri.

1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna þína?

(1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum greiðslum:

- dánartíðni ófla okkar „AZ 2012 T DIFF U“

(→ Töflur) og

- reiknivextina 1,25 prósent.

Ef samið var um fleiri þætti beitungu við, við útreikning á tryggðum greiðslum úr þessum þáttum, frekari → töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þátta.

(2) Reikniforsendur þegar greiðslur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar greiðslur hækka (til dæmis vegna viðbótar) beitungu við, við útreikning á viðbótargreiðslum, ávallt þeim reikniforsendum sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkanardeggi og snerta útreikning á → bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Félags þýskra tryggingafræðinga (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar við hækkan greiðslna. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á → bótasjóði breytast á ný, eftir hækkan greiðslna, getum við, við hækkan greiðslna síðarnefnd, beitt nýju reikniforsendum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast við beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitungu öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækkan greiðslna.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi köflum þessara tryggingarskilmála.

2. Greiðsla úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild samningsins í hagnaði gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þátta.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hverjar eru réttarlegar forsendur fyrir hlutdeild í hagnaði?
- 2.2 Hvernig veitum við tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum?
- 2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?
- 2.4 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

2.1 Hverjar eru réttarlegar forsendur fyrir hlutdeild í hagnaði?

Sem → tryggingartaki átt þú rétt á hagnaðarhlutdeild:
þá skal hafa eftirfarandi í huga:

(1) Hæð hagnaðarhlutdeildar er ekki tryggð

Við getum ekki tryggt hæð hagnaðarhlutdeildar fyrirfram. Annars vegar ræðst hæð hagnaðarhlutdeildar af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþátturinn er þróun fjármálamarkaðarins. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum og kostnaðar skipta hér einnig máli. Hins vegar hlýst hagnaðarhlutdeildin af orsakamiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í tölu 2.3). Hvort tveggja getur - með tilliti til samnings þíns - í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að hæð hagnaðarhlutdeildarinnar getur orðið núll.

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildarinnar.

(2) Þættir hagnaðarhlutdeildar

Hagnaðarhlutdeildin felur í sér 2 þætti:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölu 2.2 og 2.3) og
- hlutdeild í matssjóðunum (sjá nánar einkum tölu 2.4).

Varðandi hagnaðarhlutdeild förum við að fyrirmælum laga um tryggingarsamninga (VVG), einkum 153. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG), sem og fyrirmælum laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG) og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um.

(3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Við veitum → tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga (HGB) og birtum í ársskýrslunni. Við ákvörðun ársuppgjörs er, að teknu tilliti til gildandi fyrirmæla og reglna um eftirlitsnefndir, ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skal vera sem fellur → tryggingartökum í heild sinni í skaut sem hagnaðarhlutdeild.

Við finnum → matssjóðina sömuleiðis á ný árlega samkvæmt fyrirmælum verslunarréttar og birtum niðurstöðurnar í ársskýrslu okkar.

2.2 Hvernig veitum við tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum?

Í reglum þessum gerum við grein fyrir því hvernig við veitum → tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum (svonefnd sameiginleg hlutdeild í hagnaðinum). Sameiginleg hlutdeild í hagnaðinum tekur til allra → tryggingartaka sem gert hafa við okkur samning sem gerir ráð fyrir hagnaðarhlutdeild.

Af þessum tölu 2.2 um sameiginlega hlutdeild í hagnaðinum leiðir ekki neina samningsbundna kröfu um ákveðna hæð hlutdeildar í hagnaði (sjá einnig 1. mgr. tölu 2.1). Samningsbundna kröfu um hlutdeild í hagnaði leiðir af tölu 2.3.

Innan ramma sameiginlegrar hlutdeildar í hagnaði gerum við grein fyrir því

- hvaðan hagnaður getur verið ættaður (mgr. 1) og
- hvernig við ráðstöfum áunnum hagnaði (mgr. 2).

(1) Uppruni hagnaðar

Hagnaður getur myndast á þrennan hátt:

- sem ávöxtun höfuðstóls (mgr. 1 a))
- sem ávöxtun áhættu (mgr. 1 b))
- sem önnur ávöxtun (mgr. 1 c))

Við veitum → tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í hagnaðinum. Þá er farið að reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda (MindZV) í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni. Í undantekningartilvikum má skerða þá lágmarkshlutdeild → tryggingartaka sem reglugerð þessi mælir fyrir um, að fengnu samþykki þeirra eftirlitsyfirvalda sem um mál okkar fjalla (5. gr. reglugerðar um lágmarksúthlutun - MindZV).

a) Fjármagnstekjur

Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum okkar. Iðgjalda ÁhættuLíftryggingar PlÚS er mestmegnis þörf til að rísa undir áhættu og rekstrarkostnaði. Til fjárfestinga sem skilað geta arði eru þar af leiðandi engar eða aðeins smávægilegar upphæðir til ráðstöfunar. → Tryggingartakar í heild sinni fá í sinn hlut að minnsta kosti þann prósentuhlut fjármagnstekna sem tilgreindur er í reglugerðinni um lágmarksúthlutun (MindZV). Í núgildandi útgáfu reglugerðarinnar um lágmarkshlutdeild (MindZV) er mælt fyrir um 90 prósent). Frá þeirri upphæð sem þannig fæst drögum við fyrst það sem þarf til að fjármagna tryggðar tryggingabætur. Fjármagnstekjunum sem þá eru eftir ráðstöfum við í hagnaðarhlutdeild → tryggingartaka í heild sinni.

b) Áhættuávinningur

Frekari hagnaður getur síðan myndast ef áhættan sem við tryggjum þróast á hagstæðari veg en gert var ráð fyrir í upphaflegum útreikningum (til dæmis ef fjöldi látinna breytist). Þá þurfum við að greiða færri tryggingabætur en gert var ráð fyrir og getum þá frekar veitt → tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í áhættuávinningi.

Við veitum → tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í áhættuávinningi samkvæmt núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksúthlutun (MindZV) sem nemur að minnsta kosti 90 prósentum.

c) Aðrar tekjur

Frekari tekjur geta síðan myndast og þá einkum ef → kostnaður reynist lægri en gert er ráð fyrir í upphaflegum útreikningum (til dæmis með hagræðingu við stjórnun samninga).

Við veitum → tryggingartökum í heild sinni hlutdeild í öðrum tekjum samkvæmt núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksúthlutun (MindZV) sem nemur að minnsta kosti 50 prósentum.

(2) Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda

Hagnaði samkvæmt 1. mgr., sem fellur → tryggingartökum í heild sinni í skaut, úthlutum við í → varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda, svo framarlega sem hann hefur ekki þá þegar verið færður til tekna beint á samninga með ákvæði um hagnaðarhlutdeild.

→ Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda er varasjóður sem gert er ráð fyrir í verslunarrétti til að standa straum af hagnaðarhlutdeild → tryggingartaka í framtíðinni. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur í hagnaði - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar. → Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda má eingöngu nota til hlutdeildar → tryggingartaka í hagnaði. Við megum eingöngu víkja frá þessu í undantekningartilvikum (til dæmis til að afstýra yfirofandi neyðarástandi) samkvæmt reglum laga um eftirlit með

tryggingarsamningum (VAG) og með samþykki viðkomandi eftirlitsyfirvalda. Slíkt er einungis heimilt svo framarlega sem varasjóðnum er ekki þegar ráðstafað með fyrirframákveðnum hagnaðarhlutum.

2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum?

Þegar samningnum er veitt hlutdeild í hagnaði (svonefnd einstaklingsbundin hlutdeild í hagnaði) beitung við aðferð sem tekur mið af orsakarsamhengi. Hér á eftir gerum við grein fyrir þessari aðferð:

- hvers vegna við myndum hagnaðarhópa (2.3, mgr. 1),
- hvernig við ákvörðum → prósentur hagnaðarhlutdeildar samningsins (2.3, mgr. 2) til að finna hagnaðarhluta hans og
- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (2.3, mgr. 3).

(1) Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið af mörkum við myndun hagnaðarins. Þess vegna tökum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa. Innan hagnaðarhópanna eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að.

- Skipun í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af
- eðli áhættunnar sem tryggð er (til dæmis hættu á andláti eða óvinnufærni),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er → tryggingartökum í heild sinni jöfnum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa. Þá tökum við mið af því að hve miklu leyti hópurinn tók þátt í myndun hagnaðarins.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í tryggingagögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja samningnum til grundvallar?“. Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutum er ráðstafað síðarmeir.

(2) Prósentuhlutur hagnaðarhlutdeildar ákvarðaður

Til að finna þá hagnaðarhlutdeild sem tryggingu þinni er úthlutað samkvæmt fastákveðinni aðferð (sjá tölul. 2.3, mgr. 3) skilgreinir stjórn fyrirtækisins, að fenginni tillögu → ábyrgs tryggingafræðings fyrir upphaf hvers almanaksárs, hæð → prósentuhluta í hagnaði fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

Stjórnin skilgreinir → prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá tölul. 2.3, mgr. 1) sem og mismunandi tegunda hagnaðarhlutdeilda (sjá tölul. 2.3, mgr. 3) sem og prósentuhluti tiltekinna → reiknistuðla. Skilgreiningin getur leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings eða ekki öllum tegundum hagnaðarhlutdeildar sem til álita koma (sjá tölulíði 2.3, mgr. 3).

→ Prósentuhlutir í hagnaði eru birtir árlega í viðauka við ársskýrslu okkar sem hægt er að pantu hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum þér frá þeim með öðrum hætti.

(3) Hlutdeild í hagnaði

Allt eftir því hvaða hagnaðar- eða undirflokki trygging þín tilheyrir veitum við ÁhættuLíftryggingunni Plús hlutdeild í áunnum hagnaði (árlegir hagnaðarhlutir).

a) Hagnaðarhlutir fundnir og þeim úthlutað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar og leggjum þá til grundvallar

skilgreinda → prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar eins og þeir eru í gildi á hverjum tíma (sjá tölulíði 2.3, mgr. 2) og viðkomandi → reiknistuðul.

→ Reiknistuðull á meðan iðgjöld eru greidd er það iðgjald sem um var samið fyrir ÁhættuLíftrygging Plús. Ef tryggingin er iðgjaldsfri öðlast þú enga hluti í hagnaði.

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr → varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda (sjá tölul. 2.2, mgr. 2). Það er ekki nema það hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

b) Ráðstöfun hagnaðarhluta

Með hverju gjaldföllu iðgjaldi öðlast tryggingin hagnaðarhlut sem er tiltekin prósentu af ráðandi iðgjaldi (sjá tölul. 2.3, mgr. 3a). Hagnaðarhlutirnir reiknast um leið og iðgjöldin berast, allt eftir því hvernig þau eru greidd.

2.4 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

Hlutdeild í → matssjóðunum stofnast með orsakarmiðaðri aðferð. Til ÁhættuLíftryggingar Plús renna litlir eða engir → matssjóðir, þar eð engar eða aðeins óverulegar upphæðir eru til ráðstöfunar til fjárfestinga sem myndað gætu matssjóði.

3. Reglur ef samið er um gjaldskrá reyklausra

Í þessum hluta er fjallað um:

- | | |
|-----|--|
| 3.1 | Hvað er að vera reyklaus? |
| 3.2 | Hvaða sérákvæði gilda um tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð? |
| 3.3 | Hvað gildir um aukna áhættu eftir samningsgerð? |
| 3.4 | Hvaða réttaráhrif gilda um aukna áhættu eða brot gegn tilkynningaskyldu? |
| 3.5 | Hvað gildir um eftirlitsrétt okkar? |

3.1 Hvað er að vera reyklaus?

Reyklaus er sá sem

- ekki reykta nikótín í 12 mánuði fyrir umsókn og
- hefur í hyggju að reykja ekki framvegis.

Að reykja merkir bæði að neyta logandi tóbaks, til dæmis neysla sígarettu, smávindla, vindla eða píputóbaks sem og að neyta nikótíns með aðstoð rafdrifinna uppgefuntækja eins og til dæmis raf-sígarettu, raf-vindla eða raf-pípa.

3.2 Hvaða sérákvæði gilda um tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingarinnar er þér skylt að greina okkur sannleikanum samkvæmt og undandráttaf laust frá því hvort þú reykir.

Eigi að tryggja líf einhvers annars, ber hann - auk þín - ábyrgð á því að yfirlýsingin sé sannleikanum samkvæmt.

3.3 Hvað gildir um aukna áhættu eftir samningsgerð?

Aukin áhætta er til staðar ef hinn tryggði byrjar að reykja eftir samningsgerð. Við tökum að okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú aukir ekki hættuna eftir samningsgerð án samþykkis okkar eða leyfis okkar til að hún verði aukin. Ef líf annars manns er tryggt er sá - auk þín - ábyrgur fyrir því að hættan verði ekki aukin eftir samningsgerð.

Auki → hinn tryggði samt áhættuna eftir samningsgerð er þér, og einnig hinum tryggða, skylt að tilkynna okkur það skriflega tafarlaust.

3.4 Hvaða réttaráhrif gilda um aukna áhættu eða brot gegn tilkynningaskyldu?

(1) Aðlögun iðgjalds vegna aukinnar áhættu

Við nýtum okkur ekki þann lagalega rétt okkar að segja samningnum upp vegna aukinnar áhættu, eða að undanskilja auknu áhættuna úr tryggingarverndinni.

Ef → hinn tryggði eykur áhættuna samkvæmt tölul. 3.3 getum við krafist hærra iðgjalds afturvirk frá og með þeirri stundu er aukning áhættu varð. Þetta byggir á grundvallarreglum okkar í viðskiptum. Hækkun iðgjalds kemur þó ekki til greina ef þú sannar fyrir okkur að þú áttir ekki hlut í að auka áhættuna. Ef þú eða einn → hinna tryggðu viðurkennir eftirá hækkaða áhættu samkvæmt tölulíð 3.3. og okkur er ekki greint frá því, er okkur heimilt að hækka iðgjöldin eins og að ofan greinir þó svo að þú eigir þar ekki hlut að máli.

Réttur okkar til iðgjaldshækkunar fyrnist ef við nýtum okkur hann ekki innan mánaðar frá þeirri stundu þegar okkur barst vitneskja um aukna áhættu.

Iðgjaldshækkun hefur engin áhrif á hæð tryggðu bótagreiðslunnar. Ef við hækkum iðgjaldið um meira en tíu prósent geturðu sagt samningnum upp fyrirvaralaust innan eins mánaðar frá því er þér barst tilkynning okkar um iðgjaldshækkunina.

(2) Lækkun bóta komi til bótamáls

Ef okkur var, þegar umsóknin var lögð fram,

- vísitandi greint rangt frá reykingavenjum → hins tryggða,
- eða ef áhættan samkvæmt tölul. 3.3 var aukin af ráðnum hug, takmarkast tryggðar bætur við andlát hins tryggða við einn þriðja umsamins tryggðs höfuðstóls sem um var samið fyrir það tilvik. Þessi lækkun bótaskyldu okkar gildir ekki ef aukin áhættan eða röngu upplýsingarnar um reykingavenjur → hins tryggða við samningsgerð voru þess ekki valdandi að til bótamáls kom.

Komi til aukinnar áhættu munum við ekki grípa til skertra bóta ef liðin eru meira en tíu ár frá áhættuaukningu til bótamáls.

Ef gefnar eru rangar upplýsingar fyrir samningsgerð áskiljum við okkur ítrekað rétt til vefengingar vegna sviksamlegra blekkinga.

3.5 Hvað gildir um eftirlitsrétt okkar?

Við eigum rétt á að ganga úr skugga um hvort → hinn tryggði, eða, í → hjónatryggingum, sérhver hinna tryggðu sé(u) reykla(s)(ir). Í eftirlitsskyni getum við hvenær sem er á okkar kostnað krafist upplýsinga sem málið varða og einu sinni á ári krafist læknisrannsóknar á → hinum tryggða, eða, í → hjónatryggingum, → sérhverjum hinna tryggðu, hjá læknum á okkar vegum. Ef → hinn tryggð verður ekki við beiðnum okkar hækkum við iðgjaldið samkvæmt 1. mgr. tölul. 3.4.

4. Bótaþegi og millifærsla greiðslna

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?**
- 4.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?**

4.1 Hver fær greiðslurnar og hvernig getur þú haft áhrif á það?

(1) Viðtakandi greiðslna og afturkallanlegur viðtökuréttur

Greiðslur samkvæmt samningnum innnum við af hendi til þín sem → tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á

gjaldlega (bótaþegi). Viðtökurétti bótaþega má breyta eða afturkalla hann hvenær sem er fyrir hvern gjaldlega (afturkallanlegur viðtökuréttur). Eftir andlát → hins tryggða er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

(2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Þú getur kveðið skýrt á um að bótaþegi eigi að eignast kröfum samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og órifanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína í hendur er aðeins hægt að nema þennan rétt bótaþega úr gildi ef bótaþegi samþykkir.

(3) Afsal og veðsetning kröfurettinda

Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt.

(4) Skriflegar staðfestingar

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur, þegar sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega. Tilkynning með simbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um → skriflega staðfestingu. Réttthafi hingaðtil er yfirleitt þú.

Það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert viðeigandi bindandi ráðstafanir.

4.2 Hvað gildir um millifærslu greiðslna?

Við millifærum greiðsluna til þess sem veita má henni viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má greiðslunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

5. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?**
- 5.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?**

5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna?

(1) Grundvallarregla

Meginreglan er að við greiðum óháð því hvað veldur tryggingartilvikinu. Við greiðum alveg sérstaklega ef → hinn tryggði lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Takmörkuð greiðsluskylda

Bótaskylda okkar fellur niður í eftirtöldum tilvikum:

- a. Andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök.

Við greiðum þó óskertar bætur ef → hinn tryggði andast meðan á dvöl hans utan Þýskalands stendur í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

- b. Andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða
- vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna,

ef beiting eða losun miða að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum, eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón af. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu.

Kröfur um óskertar tryggingagreiðslur gjaldfalla ekki fyrr en að þeim fresti liðnum.

5.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?

Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við óskertar bætur ef þrjú ár eru liðin frá gerð samningsins.

Við sjálfsvíg af ásettu ráði áður en þriggja ára fresturinn er liðinn greiðum við því aðeins óskertar bætur að sannað verði fyrir okkur að vígið

- hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun eða
- undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga.

6. Samstarfsskyldur þínar

Í þessum hluta er fjallað um:

- 6.1 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?**
- 6.2 Hvaða gögn skal senda inn við greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms?**
- 6.3 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?**

6.1 Hvaða gögn ber að leggja inn við andlát hins tryggða?

Það ber að tilkynna okkur tafarlaust um andlát →hins tryggða. Eftirfarandi gögn skal ávallt leggja inn:

- tryggingarskrteini,
- opinbera staðfestingu á →fæðingardegi hins tryggða (fæðingarvottorð).
- opinbera staðfestingu á andláti →hins tryggða þar sem fram komi aldur og fæðingarstaður (dánarvottorð) og
- nákvæmt vottorð lækis eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró →hinn tryggða til dauða.

6.2 Hvaða gögn skal senda inn við greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms?

Þegar farið er fram á greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms samkvæmt tölu 1.2 þarf að færa okkur eftirfarandi gögn tafarlaust á kostnað umsækjanda:

- tryggingarskrteini,
- vottorð sérfræðilæknis í viðkomandi sérgrein og sem starfar í Þýskalandi og þar skal vottað að →hinn tryggði sé haldinn alvarlegum sjúkdómi eins og um getur í 2. málsgrein tölu 1.2. Nauðsynlegt er að tilgreina orsök, upphaf, eðli og framvindu sjúkdómsins og mat á lífslíkum.

6.3 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

Við getum krafist frekari sannana og gert ítarlegri rannsóknir eins og til dæmis varðandi reykningahegðun og við mat á lífslíkum til að sannreyna greiðsluskyldu okkar. Kostnaðinn sem af þessu hlýst ber sá sem krefst tryggingagreiðslunnar.

7. Samningsgerðar- og sölukostnaður

Hvernig er samningsgerðar- og sölukostnaður sem innifalinn er í iðgjaldinu fjármagnaður?

Við gerð tryggingasamninga fellur til → kostnaður (svonefndur samningsgerðar- og sölukostnaður). Samningsgerðar- og sölukostnaður (→ kostnaður) sem innifalinn er í iðgjaldinu er ekki innheimtur sérstaklega heldur fjármagnaður með iðgjöldunum sem hér segir:

- með jöfnum upphæðum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka umsamins iðgjaldatímans.

8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

- 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?**
- 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?**
- 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?**

8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría ?

(1) Forsendur

Hægt er að fara skriflega fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Yfirlýsing þessa efnis með símbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um →skriflega staðfestingu. Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B hluta, tölu. 2.1).

(2) Lágmarks tryggingabætur

Við höldum tryggingunni áfram með iðgjaldsfríum trygðum höfuðstól sem reiknast samkvæmt 3. mgr. ef hann nemur að minnsta kosti 2.000 evrum þegar undanþágu frá greiðslu iðgjalds er komið á. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt fellur tryggingin niður.

(3) Áhrif

Ef farið er fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds þá reiknum við iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól við andlát samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar út frá reikniforsendum fyrir útreikning iðgjalda. Í þeim efnunum leggjum við til grundvallar reiknaðan →bótahöfuðstól ÁhættuLíftryggingar Plús á þeirri stundu þegar iðgjaldsundanþága hefst. Af þessu leiðir að minnsta kosti það verðgildi sem fram kemur við að dreifa samningsgerðar- og sölukostnaði (→ kostnaður) jafnt á fyrstu fimm tryggingarárin – en þó aldrei á lengri tíma en greiðslutíma iðgjalda nemur. Þessi tími ákvarðast með tilliti til löglegra reglna um hámark Zillmer-kvarðans og er honum dreift í mesta lagi á biðtímanum. Upphæðina úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól við andlát og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól skerðum við þá um tiltekinn frádrátt.

Um árlegan frádrátt tryggingarinnar á samningstímanum má lesa í tryggingaupplýsingunum. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis tilgreindar.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur síðan sonnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækjum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

Útreikningur iðgjaldsfrírar greiðslu fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?

Það getur haft ókosti í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfría. Í upphafi tryggingarinnar er aðeins lögboðna lágmarksendurkaupvirðið fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfría greiðslu vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→ kostnaður) og eins til að fjármagna umsamda áhættuvernd. Og eins árin þar á eftir er ekki endilega víst að iðgjöld sem greidd hafa verið fram að því dugi til þess að mynda iðgjaldsfríar greiðslur. Nánar má lesa um hæð iðgjaldsfríra greiðslna á samningstímanum í tryggingagögnunum.

8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

(1) Sex mánaða frestur til að koma tryggingarverndinni á að nýju án áhættumats

Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar greiðslur verði hækkaðar upp í þá tryggingarvernd sem

gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingarverndar er útlökuð ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna óvinnufærni og →hinn tryggði er óvinnufær þegar iðgjaldsgreiðsla skal hefjast á ný.

(2) Almennur frestur til að koma tryggingarverndinni á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar sex mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan þriggja ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði umsamin tryggður höfuðstóll við andlát hækkaður upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Við getum komið fyrri tryggingarvernd á að nýju ef →hinn tryggði eða, í →hjónatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, þegar tryggingarverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilyrða.

(3) Möguleikar við endurheimt tryggingarverndarinnar

Til þess að koma á að nýju þeirri tryggingarvernd sem gilti áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt, eða
- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Í stað þess er einnig hægt hefja greiðslu iðgjaldanna á ný án þess að koma fullri tryggingarvernd á að nýju eins og hún var áður en hún var gerð iðgjaldsfrí. Við reiknum tryggða höfuðstólinn samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu greiðslurnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 1. mgr. tölul. 1.3. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

9. Uppsögn

Hvenær má segja tryggingunni upp?

Þú getur sagt tryggingunni upp skriflega í lok þess mánaðar sem í gildi er.

Uppsögn með símbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um →skriflega staðfestingu.

Þú átt hvorki rétt á endurkaupvirði né endurgreiðslu greiddra iðgjalda.

10. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingargreiðslna.

Í þessum hluta er fjallað um:

10.1	Hvenær er hægt að framlengja tryggingarverndina
	án nýs áhættumats?
10.2	Hvenær má breyta tryggingunni í þáttinn Elli- og eftirlífendalífeyrir?
10.3	Hvenær er hægt að breyta tryggingu með einfölduðu áhættumati í hjónatryggingu?
10.4	Hvenær má hækka tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?
10.5	Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría í atvinnuleysi eða foreldraorlofi?
10.6	Hvenær er hægt að skipta yfir í gjaldskrá fyrir reyklusa?

10.1 Hvenær er hægt að framlengja tryggingarverndina án nýs áhættumats?

Hægt er að sækja einu sinni um framlengingu á tryggingarverndinni án nýs áhættumats allt að 3 árum áður en tryggingin rennur út.

(1) Skilyrði

Tryggingin má ekki vera orðin iðgjaldsfrí.

(2) Frekari forsendur

- Hægt er að framlengja tryggingartímann um 15 ár að hámarki, en þó í mesta lagi um upphaflega umsamin tryggingartíma.
- Hámark tryggingartíma (að framlengingu meðtalinni) má ekki nema meira en 45 árum.
- Lok viðbótartryggingartíma verður að vera innan þess almanaksárs þegar →hinn tryggði verður fullra 70 ára. Í →hjónatryggingum er aldur þess elsta hinna tryggðu ráðandi um hæsta leyfilega lokaaldur.

(3) Mörk

Frá og með næsta gjalddaga iðgjalds eftir framlengingu gilda svofelld mörk:

- Ekki má fara upp fyrir umsamin tryggðan höfuðstól eins og hann var fyrir framlengingu.
- Umsamin tryggður höfuðstóll má í hæsta lagi nema 500.000 evrum eftir framlengingu. Ef umsamin tryggður höfuðstóll var hærri en 500.000 evrur fyrir framlengingu verður umsamin tryggður höfuðstóll lækkaður niður í 500.000 evrur.

(4) Áhrif

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum framlengist sú tryggingarvernd einnig.

Ef samið var um þáttinn Iðgjaldsundánþága við örorku framlengist tryggingarvernd hans því aðeins að engar bótakröfur séu fyrir hendi úr þeim þætti þegar sótt er um framlengingu. Tryggingarvernd þessa þáttar framlengist aðeins upp að því marki er →hinn tryggði nær 67 ára reiknuðum aldri.

Að svo miklu leyti sem bótakröfur úr þættinum Iðgjaldsundánþága við örorku er fyrir hendi þegar sótt er um framlengingu, framlengist tryggingarvernd þessa þáttar ekki.

Ef samið var um þáttinn Örorkulífeyrir, framlengist tryggingarvernd hans ekki.

Þegar sótt hefur verið um framlengingu reiknast iðgjöldin fyrir þann tryggingartíma sem eftir er (að framlengingartímanum meðtöldum) á ný við næsta gjalddaga iðgjalds og þau geta hækkað. Þá er tekið mið af stöðu samningsins þegar framlenging tryggingarverndar er gerð, og þá einkum:

- →reiknuðum aldri →hins tryggða eða, í →hjónatryggingum, allra hinna tryggðu,
- því sem eftir er af tryggingartímanum (að framlengingartíma meðtöldum),
- því sem eftir er af tryggingartímanum (að framlengingartíma meðtöldum),
- hugsanlega þegar umsömdu iðgjaldsálagi sem og
- hugsanlega lækkuðum umsömdum tryggðum höfuðstól.

Við reiknum nýja iðgjaldið samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

10.2 Hvenær má breyta tryggingunni í þáttinn Elli- og eftirlifendalífeyrir?

Breyta má ÁhættuLíftryggingu Plús í sambland þáttarins Ellilífeyrir (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) og þáttarins Eftirlifendalífeyrir (höfuðstóll við andlát). Við framkvæmum ekki áhættumat.

Velja má ný tryggingar- og iðgjaldsgreiddslutímabil fyrir nýju þættina.

(1) Skilyrði

- Við gerð ÁhættuLíftryggingar Plús var samið um fastan tryggðan höfuðstól við andlát út allan tryggingartímann.
- →Hinn tryggði eða, í →hjónatryggingum, →sérhver hinna tryggðu, er enn ekki orðinn fullra 60 ára að aldri þegar sótt er um breytinguna.
- Sækja verður um breytinguna í síðasta lagi í lok tíunda tryggingarársins. Hafir þú samið um í mesta lagi tíu ára tryggingartíma getur þú umbreytt tryggingu þinni þar til allt að þremur mánuðum fyrir lok tryggingartímans.
- Tryggður höfuðstóll úr nýja þættinum Höfuðstóll við andlát er á öllum nýja tryggingartímanum ekki hærri en upphaflegi tryggði höfuðstóllinn við andlát.

(2) Sérákvæði þáttanna Lífeyrir vegna óvinnufærni

- Þáttunum Lífeyrir vegna óvinnufærni er því aðeins hægt að halda áfram án nýs áhættumats vegna umbreyttu tryggingarinnar að tryggingar- og iðgjaldsgreiddslutími eftir umbreytinguna haldist óbreyttur.
- Breytist þessi tímabil eftir umbreytinguna er aðeins hægt að halda þáttunum Lífeyrir vegna óvinnufærni áfram ef niðurstaða úr nýju áhættumati heimilar slíkt.

(3) Sérákvæði í hjónatryggingum

Þú getur umbreytt tryggingu fyrir tvo (→hjónatryggingar) án nýs áhættumats í tvær samsetningar bótaþátta fyrir líftryggingu hvors →tryggðs aðila um sig. Forsenda fyrir því er að heildarupphæð nýju tryggðu höfuðstólanna við andlát verði ekki hærri en upphaflegur höfuðstóll við andlát. Tryggingum fyrir fleiri en tvo er ekki hægt að umbreyta.

(4) Áhrif

Við reiknum iðgjöldin fyrir nýju tryggingamar samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Þá gilda þær reikniforsendur sem gert er ráð fyrir vegna nýrra samninga um þættina Ellilífeyrir (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) í tengslum við þáttinn Eftirlifendalífeyrir (höfuðstóll við andlát) á þeim tíma þegar breytingin á sér stað. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

10.3 Hvenær er hægt að breyta tryggingu með einfölduðu áhættumati í hjónatryggingu?

Hægt er að fara fram á að við breytum ÁhættuLíftryggingu Plús með einfölduðu áhættumati í tryggingu fyrir tvo aðila (→hjónatryggingu) og bættum við öðrum →tryggðum inn í samninginn.

(1) Skilyrði

- hinn tryggði gengur í hjónaband eða stofnar til skráðrar sambúðar með þeim sem bæta skal við í samninginn eða
- fæðing sameiginlegs barns →hins tryggða og þess sem bæta skal við í samninginn eða sameiginleg ættleiðing ófullveðja einstaklings af hálfu þess tryggða og þess tryggða sem bæta skal við í samninginn.

(2) Frekari forsendur

- Sá →hinna tryggðu sem bæta skal við í samninginn er í mesta lagi →reiknilega 45 ára.
- Fara verður fram á breytinguna innan sex mánaða frá því að einhver atburðanna sem um getur í 1. málsgrein átti sér stað.

(3) Mörk

Frá þeim tímapunkti þegar breytt var yfir í →hjónatryggingu má umsaminn tryggður höfuðstóll nema 200.000 evrum hið mesta. Ef umsaminn tryggður höfuðstóll var hærri en 200.000 evrur fyrir breytingu verður umsaminn tryggður höfuðstóll lækkaður niður í 200.000 evrur.

(4) Áhrif

Við reiknum nýja iðgjaldið samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu 1.3. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

10.4 Hvenær má hækka tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?

Hækka má umsaminn tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats.

(1) Skilyrði

- Fæðing barns →hins tryggða eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling.
- →Hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem sjálfstæði atvinnureksturinn krefst aðildar að fagfélagi eða ráði.
- Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar þátttöku í atvinnulífínu.
- →Hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign til eigin nota að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrur.
- Hjónaband eða stofnað er til skráðrar sambúðar →hins tryggða.

(2) Frekari forsendur

- Fara verður fram á hækkunina innan sex mánaða frá því að einhver áðurgreindra atburða átti sér stað
- →Hinn tryggði eða, í →hjónatryggingum, sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 53 ára →reiknaðan aldur.
- →Hinn tryggði er ekki, eða, í →hjónatryggingum enginn hinna tryggðu er, óvinnufær.

(3) Mörk

Um hækkun tryggðs höfuðstóls án nýs áhættumats gilda eftirfarandi takmarkanir:

- Tryggður höfuðstóll verður að hækka um að minnsta kosti 2.500 evrur.
- Tryggður höfuðstóll má í mesta lagi hækka um 25.000 evrur.
- Heildarupphæð hækkana má í hæsta lagi nema 50.000 evrum.

(4) Áhrif

- Hækkun tryggðs höfuðstóls við andlát og iðgjaldsins reiknum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.
- Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölu 1.3.
- Ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna óvinnufærni eða Höfuðstóll við andlát af slysförum hækka þeir ekki.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

10.5 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfria í atvinnuleysi eða foreldraorlofi?

(1) Tímabundin undanþága frá greiðslu iðgjalds

Verðirðu atvinnuleys eða ert í foreldraorlofi er samkvæmt reglum tölu 8.1 og 8.2 hægt að gera samninginn iðgjaldsfrian tímabundið í allt að 12 mánuði. Það þarf að tilkynna okkur um frestunina áður en samningurinn verður gerður iðgjaldsfri. Að iðgjaldsfria tímanum liðnum heldur samningurinn sjálfkrafa áfram án áhættumats. Í þeim efnunum gilda reglur tölu 8.3, mgr. 1 og 3.

(2) Sönnun fyrir atvinnuleysi eða foreldraorlofi

Ef farið er fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds vegna atvinnuleysis eða foreldraorlofs þarf að sanna það fyrir okkur til dæmis með vottorði frá viðkomandi vinnuálastofu.

Það þarf að tilkynna okkur tafarlaust um það þegar atvinnuleysi eða foreldraorlofi lýkur.

Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

10.6 Hvenær er hægt að skipta yfir í gjaldskrá fyrir reyklausa?

Ef ekki var samið um gjaldskrá fyrir reyklausa og þú • reytir ekki tóbak síðustu 12 mánuði fyrir umsókn um gjaldskrá fyrir reyklausa samkvæmt tölu 3.1, setningu 2, og • ætlar að vera reyklaus framvegis er hægt að sækja um að skipta yfir í gjaldskrá fyrir reyklausa. Í þeim efnunum gilda reglur samkvæmt tölu 3. Þá framkvæmum við áhættumat.

Við reiknum iðgjöldin fyrir nýju trygginguna samkvæmt

grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Í þeim efnun gilda þær reikniforsendur sem lagðar voru til grundvallar við gerð samnings þíns um ÁhættuLíftryggingu Plús. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna þær skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti og taka til tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð og iðgjaldsgreiðsluskyldu. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A hluta. Reglur B hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

(1) Tilkynningaskylda

a. Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Áður en þú gefur samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður, sem hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandráttarlaust. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning yfir höfuð eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, sem við spyrjum um í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína, en fyrir samþykkt samnings.

b. Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnun og undandráttarlausum svörum við spurningunum í textaformi.

c. Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

(2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

a. Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan greiðsluskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- vefengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Ef samið var um þáttinn Órorku- eða Umönnunarbætur eða HeilsuVerndarSkirteini gildir eftirfarandi um þá þætti: Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG) að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

b. Endurkaupvirði og frádráttur við riftun eða véfenging

Ef við riftum samningnum eða véfengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga greiðum við endurkaupvirðið sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í tryggingarupplýsingunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur síðan sönnun á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

c. Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en fimm ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests. Frestur samkvæmt 1. setningu nemur tíu árum ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

(3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en tíu prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við aðstæður sem okkur var ekki tilkynntar um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG).

(4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málgreinar 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingavernd er aukin eða endurheimt eftir á þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

(5) Krafast er skriflegra gagna

Krafast er skriflegra gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða breytingar á samningi. Símbréf eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

(6) Umboð til móttöku

Hafirðu ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst bótaþegi hafa umboð til þess, að þér látnum, að taka við yfirlýsingu frá okkur. Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum hluta er fjallað um:

2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?

2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald

- er ekki greitt á réttum tíma?
- Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

2.1 Hvað þarf að hafa í huga við greiðslu iðgjalds?

(1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilviki og eftir því hvernig greiðslutímabil er umsamið er tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskírteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um tryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

(2) Gjaldþagi iðgjalda

a) Fyrsta eða einstakt iðgjald

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins

. Ef samið var um það okkar í millum að tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili hafi ekki verið um annað samið.

(3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjaldþaga til þess að iðgjaldið berist okkur. Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjaldþaga

- og eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki var hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

(4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

(5) Greitt með skuldfærslubeiðni

a. SEPA-skuldfærslumboð

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærslumboð.

b. Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

c. Afleiðingar þess að skuldfærsla misferst

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á það að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölu. 2.2 og 2.3).

2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

(1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C hluta, tölu. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölu. 2.1 hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskrárinu benti þér á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

(2) Riftunarréttur okkar

Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að greiðandi beri ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

2.3 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

(1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskildum tíma í skilningi 2. mgr. b) tölu. 2.1 er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

(2) Frestir

Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.

(3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur liður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingarvernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum benti þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

(4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur liður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda getum við sagt samningnum upp án

uppsagnarfrests. Forsenda þess er að við höfum benti þér á þessi réttaráhrif þegar um leið og fresturinn var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og fresturinn er veittur. Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

(5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirágreiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist

3. Aðrar samstarfsskyldur

Hvaða samstarfsskyldur aðrar þarf að hafa í huga?

(1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagalegar reglur skylda okkur til að afla upplýsinga og gagna um tryggingu þína og tilkynna um þau verður þú að láta okkur í té tafarlaust - sem merkir án saknæmrar tafar - nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðarmeir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem þú lést í té við samningsgerð eða þegar eftir því var leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi byggð á samningnum og ef staða hans varðandi gagnadóflun og tilkynningar er einnig afgerandi á samstarfsskylda þín sömuleiðis við um slíkt.

(2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru öll málsatvik sem geta verið afgerandi við mat á persónulegri skattskyldu þinni, skattskyldu þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins sem og skattskyldu þess sem tekur við bótagreiðslunum. Þar vega þyngst þýsk og erlend skattskylda, auðkennisnúmer gagnvart skatti, fæðingarstaður og heimilisfang.

(3) Lögboðið samstarf vegna tilkynningaskyldu vanrækt

Ef við sem tryggjandi lútum lögboðinni tilkynningaskyldu þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattýfirvalda. Ef þú lætur okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té eða ekki á tilskyldum tíma verður þú að ger ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattýfirvöldum um samningsgögn þín, óháð því hvort skattaskuld sé fyrir hendi eða ekki.

C hluti - Almennar reglur

Reglur C hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

1. Upphaf tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarverndin?

(1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að þú hafir greitt fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi 2. mgr. a) tölul. 2.1 í B hluta. Ef þú greiðir iðgjaldið ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá 1. mgr. tölul. 2.2 í B hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

(2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftir á gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

2. Tryggingarskírteini

Hvað felst í tryggingarskírteininu?

(1) Eigandi

Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við greiðslum. En við getum farið fram á það að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef bótabegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá eiganda tryggingarskírteinis ef sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega. Tilkynning með símbréfi eða í tölvupósti uppfyllir ekki kröfu um skriflega staðfestingu.

3. Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu

Fyrir hvaða kostnað getum við krafði þig um greiðslu sérstaklega?

(1) Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu í sérstökum tilvikum

Ef eitthvað sérstakt af þínum völdum orsakar aukalega umsýslu getum við í eftirtöldum tilvikum innheimt hjá þér sérstaklega meðaltalskostnað sem fast gjald.

- Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrita af tryggingarskírteininu
- Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- Úrvinnsla greiðslna í vanskilum
- Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna
- Frágangur breytinga á samningi
- Vinna við afsól og veðsetningar
- Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu
- Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan SEPA-greiðslusvæðis eða millifærsla greiðslu frá okkur til staðar utan SEPA-greiðslusvæðis.

(2) Framsetning kostnaðar í kostnaðaryfirliti

Um kostnaðinn sem við getum innheimt hjá þér aukalega samkvæmt 1. mgr. má lesa í hjálögðu kostnaðaryfirliti okkar vegna aukalegrar umsýslu. Sanngjarna aðlögun þessara kostnaðarliða (315. gr. Borgaralegrar lögbókar - BGB) er okkur heimilt að gera í framtíðinni. Kostnaðaryfirlit sem í gildi er hverju sinni má fá hjá okkur hvenær sem um það er bedið. Ef kostnaðaryfirlitið tilgreinir engan kostnað fyrir einhvern þeirra liða sem nefndir eru í 1. mgr. er ekki reiknaður kostnaður fyrir þann lið um þær mundir.

(3) Sýna má fram á lægri kostnað

Við teljum kostnaðinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir

þessu og sanna. En ef þú færir okkur síðan sönnur á að í þínu tilfelli eigi kostnaðurinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur kostnaðurinn niður eða við lækjum hann – í síðara tilvikinu – að sama skapi.

4. Þýskur réttur

Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

5. Varnarþing

Hvar má bera fram kröfur fyrir rétti?

(1) Undir hvaða lögsögu heyrja málshöfðanir þínar á hendur okkur?

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn eða höfuðstöðvar eru. Þú getur líka höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldri ef lögheimili er ekkert þegar málið er höfðað.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignar-ábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

(2) Undir hvaða lögsögu heyrja málshöfðanir okkar á hendur þér?

Við verðum að höfða mál út af tryggingarsamningnum fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili eða býrð að staðaldri ef lögheimili er ekkert þegar málið er höfðað.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar sem annast samning þinn er eða höfuðstöðvar okkar eru.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignar-ábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekkt getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur eða það útibú sem annast samning þinn.

(3) Lögsaga dómstóls ef búseta er utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Ef þú flytur heimili þitt eða þann stað sem þú dvelur yfirleitt á til ríkis utan Evrópubandalagsins, Íslands, Noregs eða Sviss eftir samningsgerð, getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál samkvæmt tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eða útibús sem annast samning þinn eru.

6. Fyrning

Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?

(1) Fyrningarrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur samkvæmt samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

(2) Fyrningu frestað meðan greiðsluskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).

Tryggingarskilmálar:
Hugtakaskýringar

Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi →tryggingartaki.

Mattsjóðir:

Mattsjóðir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi.

Reiknistuðull:

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar vísar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræðinni. Reiknistuðlarnir ráðast einkum af tryggingarþætti, umsömdu iðgjaldi og hæð tryggðs höfuðstöls við andlát. Reiknistuðlarnir eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar út frá forsendum iðgjaldauttreiknings. Hann er grundvöllur fyrir endurkaupsverð, lokagreiðslu og hlutdeild í matsvörðisauka.

Framlag í bótasjóð:

Tryggingarfélagum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingartökum. Bótasjóðir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingargreiðslur. Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

Kostnaður:

Kostnaður í skilningi þessara skilmála er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldauttreikningi (samningsgerðar- og sölukostnaður sem og annar kostnaður). Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Til kostnaðar í skilningi þessara skilmála telst auk þess sérstakur kostnaður sem af þér hlýst sem við getum innheimt sérstaklega (sjá C hluta, 3. tölul.).

Hjónatryggingar:

Í hjónatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða. Reglur tryggingarskilmála sem fjalla um hinn tryggða gilda um hjónatryggingar á sama hátt. Í því sambandi nægir – ef ekki er kveðið á um annað í tryggingarskilmálunum – að þeir málavextir sem um getur í tryggingarskilmálunum eigi við um einhvern einn hinna tryggðu.

Reiknaður aldur:

Reikningsaldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir.

Reiknivextir:

Reiknivextir eru sú vaxtaþrósenta sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum greiðslum.

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds:

Varasjóður fyrir endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingartæknilegur varasjóður í ársuppgjöri váttryggjanda. Þessi varasjóður er igildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarлага.

Skrifleg gögn:

Skrifleg gögn merkir alltaf að undirskrifaðrar yfirlýsingar með eiginhandararitun er þörf. Nauðsynlegt er að undirrita með nafni í lok yfirlýsingar. Þetta er gert til að tryggja réttaröryggi þitt og okkar.

Tölflur:

Tölflumar sem við styðjumst við í tryggingastærðfræðinni lýsa í tölum líkum á og/eða tíðni tiltekinnar atburða. Þær eru grundvöllur

útreikninga okkar sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum er hægt að ætla hverju dánartilvikinu tilteknar líkur.
- Með frekari tölum getum við ætlað öðrum tryggingartilvikum, eins og til dæmis tilkomu eða lokum óvinnufærni eða umönnunarþörf, tíðni dauðsfalla hjá óvinnufærum eða þeim sem umönnunarþurfi eru, endurteknum hjónaböndum og svo framvegis, ákveðin líkindi.

Prósentuhlutur í hagnaði:

Prósentuhlutir í hagnaði eru ákvarðaðir sem prósentuhlutir tiltekinnar reiknistuðla. Slikt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarhluta (sjá tölulíð 2.3, A hluta - ÁhættuLíftrygging Plús). Prósentuhlutir í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í prósentum í viðauka við ársskýrslu okkar eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert líftryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Þessi aðili verður að vera áreiðanlegur og hæfur og

búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingatökum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (11. gr. a laga um tryggingaefirlit - VAG).

Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem líftryggður er. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingartaki. Í hjónatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða.

Tryggingartaki:

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskráeinu. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálunum eiga fyrst og fremst við um tryggingartaka sem viðsemjanda okkar.

Allianz Lebensversicherungs-AG

Kostnaðaryfirlit tryggingarskilmála C hluta, 3. tölul. „Kostnaður vegna aukalegrar umsýslu“ EV4074

Eftirfarandi kostnaður gildir, svo framarlega sem gert er ráð fyrir viðkomandi atriðum í tryggingarskilmálum samningsins.

Nr.	Atriði	Upphæð	Krafa	
1	Útgáfa varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrita af tryggingarskírteininu	20	evrur	ekki um þessar mundir
2	Veiting gjaldfrests þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd	3	evrur	ekki um þessar mundir
3	Úrvinnsla greiðsna í vanskilum	20	evrur	ekki um þessar mundir
4	Úrvinnsla endursendra skuldfærslubeiðna	3	evrur	j ^a
5	Frágangur breytinga á samningi	40	evrur	ekki um þessar mundir
6	Vinna við afsöl og veðsetningar	25	evrur	ekki um þessar mundir
7	Öflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu	15	evrur	ekki um þessar mundir
8	Millifærsla iðgjalds frá þér frá stað utan SEPA-greiðsluvæðis* eða millifærsla greiðslu frá okkur til staðar utan SEPA-greiðsluvæðis* .	10	evrur	ekki um þessar mundir

* Frá 1. ágúst 2014 gildir SEPA-greiðsluvæðið og ekki lengur Þýskaland.

Staða: 1. desember 2014